

## 7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt eftir tillögum hreppsnefndar, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka tilgreinda daga, og til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni eða til ágóða fyrir félög, stofnanir og fyrir-tæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

142

8. ágúst

## 8. gr.

Brot á samþykkt þessari vara sektum frá 20 til 500 krónum, og renna sekt-irnar í sveitarsjóð. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Eyrarbyggðahrepps, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. ágúst 1939.*

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

*Páll Pálmason.*

## AUGLÝSING

143

8. ágúst

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um viðauka við lögreglusamþykkt fyrir Ólafsfjarðarkauptún og Ólafsfjarðarhrepp í Eyjarfjarð-arsýslu nr. 9 13. marz 1933.

Samkvæmt lögum nr. 107 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstað-anna er hér með staðfest eftirfarandi:

## SAMÞYKKT

um viðauka við lögreglusamþykkt fyrir Ólafsfjarðarkauptún og Ólafsfjarðarhrepp.

## 1. gr.

Alifugla má ekki hafa í kauptúninu frá 1. maí til 30. september, nema þeir séu í afgirtu svæði eða öruggri vörzlu.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. ágúst 1939.*

Hermann Jónasson.

*Gústav A. Jónasson.*